

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að umkafið aðstöðugjald sé réttilega á gerðarþola lagt. Þykir því verða að leyfa framgang lögtaksgerðar þessarar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt að ákveða, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2.000.00 í málskostnað.

Nokkur dráttur hefur orðið á að kveða upp úrskurð í máli þessu, og stafar hann af önnum dómars vegna áramótauppgjörs.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Glettingur h/f, greiði gerðarbeiðanda, bæjar-sjóði Vestmannaeyja, kr. 2.000.00 í málskostnað.

Mánudaginn 14. nóvember 1966.

Nr. 43/1965. **Magnús Thorlacius** (sjálfur)

gegn

Einari Braga Sigurðssyni (sjálfur).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1965. Hann gerir „þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju, en til vara, að hin átöldu orð í greinargerðinni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk, að stefndum verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að honum verði dæmt að greiða“ sér „kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags og að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð vætanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð. Hvernig sem málið fer, er kraf-

izt málskostnaðar úr hendi stefnds í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar“.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda.

Í héraðsstefnu í máli þessu segir m. a. svo:

„MAGNÚS THORLOCIOUS

hæstaréttarlögmaður

gerir kunnugt: Að ég þarf að höfða mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Öðlingötu 4 hér í borg.

Tildrög málsins eru þau, að 2. og 15. nóvember 1963 birtist í vikublaðinu Frjáls þjóð, 42. og 43. tbl. XII. árgangs, grein með fyrirsögninni „Leikmaður gegn lögmanni“. Í grein þessari er endurtekið nið blaðsins um mig frá 7. sept. 1963.

Grein þessi er með mörgum undirfyrirsögnum og undirfyrirsögnum undirfyrirsagna. Ein þeirra er: „Dómur Hæstaréttar í máli frú Karólinu“. Segist Einar þar vekja sérstaka athygli á dómi þessum. Segir síðan orðrétt:

„Í honum má lesa eftirfarandi: Fyrir stjórn lögmannafélagsins hafði heiðraður stefnandi, hr. Magnús Thorlacius, hrl., gert aðalkröfu um kr. 799.589.50 úr hendi frú Karólinu, en varakröfu um kr. 728.922.83. Úrskurður stjórnar lögmannafélagsins, sem Hæstiréttur síðar staðfesti með umræddum dómi, hljóðaði hins vegar upp á samtals kr. 502.087.00. Hið eina, sem ekki er alveg rétt með farið í þessum kafla átalinnar greinar, er því það, að Hæstiréttur lækkaði kröfu heiðraðs stefnanda ekki niður í 570 þúsund krónur, eins og í greininni segir, heldur alla leið niður í kr. 502.087.00. Stafar þessi skekkja annað hvort frá prentvillu í blaðinu eða misminni heimildarmanns. En hvort sem heldur er, hefur hlutur heiðraðs stefnanda síður en svo verið gerður verri en efni stóðu til, heldur einmitt talsvert miklu betri“.

Þessi frásögn, er birtist 2. nóvember 1964, er svo hlutdræg og villandi, að úr verður bein fölsun... ég tel þessa

frásögn ærumeiðandi aðdróttun, fram borna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttar-dóminn í höndum. Virðist mér þessi frásögn varða við 236. gr. almennra hegningarlaga eða a. m. k. 234.—235. gr.

Í síðara blaðinu, er birtist 15. nóvember 1964, er framhald greinarinnar „Leikmaður gegn lögmanni“ með aðalundirfyrirsögn: „Málarekstur Magnúsar fyrir Ágúst Sigurðsson“ auk margra auka- og undirfyrirsagna. Ein þeirra heitir: „Hin slæma útreið Ágústs í skaðabótamálinu, sem hann vann, rak hann í hendur fjárplósmanna“.

Segir þar m. a.: „Hér sýnist allt ljóst: Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstrarins“ 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalyktir og verði hugsað: Hvar er íslenzkt réttarfar á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns af ótta um að hljóta af málarekstrinum nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar“. „En hér við bætist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni.“

Allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund. Varðar þetta við 236. gr. almennra hegningarlaga eða a. m. k. við 234.—235. gr. Tel ég og, að ómerkja beri samkvæmt 241. gr. alm. hegnl. hin átöldu ummæli, er birtust 15. nóvember 1963.

Ég tel og, að Einari beri að greiða mér miskabætur samkvæmt 264. gr. alm. hegnl., er mér virðast hæfilega átlaðar kr. 100.000.00.

Að endingu tel ég bera að dæma Einar til að birta í viku-blaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til mín samkvæmt lögum nr. 85/1936, 193. gr., 2. mgr. og lögum nr. 57/1956, 22. gr.

Á bæjarþinginu geri ég þær dómkröfur, að hin átöldu orð í greininni 15. nóvember 1963 verði dæmd dauð og ómerk, að Einari Braga Sigurðssyni verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, er lög standa til, að honum verði dæmt að greiða mér kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags, að honum verði dæmt að birta í vikublaðinu Frjáls þjóð væntanlegan dóm í þessu máli, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til mín, og að honum verði dæmt að greiða mér málskostnað að skaðlausu“.

Í greinargerð í héraði og munnlegum málflutningi á bæjarþingi voru kröfur áfrýjanda í samræmi við kröfugerð hans í stefnu.

Samkvæmt því, sem rakið var, taka greindar dómkröfur jöfnum höndum til ummæla í 42. tölublaði og 43. tölublaði XII. árgangs vikublaðsins Frjálsrar þjóðar, að undanskilinni ómerkingarkröfunni, sem einungis lýtur að ummælum í 43. tölublaði. Héraðsdómari hefur ekki lagt dóm á kröfur áfrýjanda, að því er ummæli í 42. tölublaði varðar. Af því leiðir að taka ber aðalkröfu áfrýjanda hér fyrir dómi til greina. Verður hinn áfrýjaði dómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Rétt er, að málskostnaður hér fyrir dómi falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms af nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. janúar 1965.

Mál þetta var tekið til dóms 3. desember s.l. Það var höfðað með stefnu, sem birt var 17. janúar 1964, af Magnúsi Thorlacius, hæstaréttarlögmanni í Reykjavík, gegn Einari Braga Sigurðssyni rithöfundi, Bjarnarstíg 4.

Dómkröfur stefnanda eru þær,

— að tiltekin ummæli, sem birtust í blaðinu Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963, verði dæmd dauð og ómerk,

— að stefnda verði dæmt að sæta þyngstu refsingu, sem lög standa til,

— að honum verði dæmt að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. nóvember 1963 til greiðsludags,

— að honum verði dæmt að birta í Frjálsri þjóð væntanlegan dóm í máli þessu, forsendur og dómsorð, að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda,

— að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi lagði fram greinargerð í málinu 11. febrúar s.l. og krafðizt þá sýknu og málskostnaðar. Mál þetta var munnlega flutt 2. október 1964. Þá og 3. desember s.l., er málið var tekið fyrir að nýju, gerði stefndi kröfur með þessum hætti:

„Ég geri þá aðaldómkröfu, að allur málalíbúnaður stefnanda verði ómerktur og mér dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Ég geri þær dómkröfur til vara, að ég verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, að eftirfarandi ummæli á dskj. 1 verði dæmd dauð og ómerk: „hlutdræg og villandi, að úr verði bein fölsun“ (bls. 1), „hvergi á það minnst, að það var frú Karólína Jósefsson, er höfðaði þetta mál gegn mér fyrir stjórn lögmannafélags Íslands“ (bls. 1), „hefði ætlað að féfletta frú Jósefsson“ (bls. 2), „framborna gegn betri vitund, þar sem höfundur greinarinnar hafði hæstaréttardóminn í höndum“ (bls. 2), „allt er þetta ósatt og borið út opinberlega gegn betri vitund“ (bls. 3), að eftirfarandi ummæli á dskj. 3 verði dæmd dauð og ómerk: „samda af lögmanni, er ekki lýst á að koma fram opinberlega“ (bls. 1), „grein stefnds“ (bls. 1), „fleipur eitt, álygar og atvinnurógur“ (bls. 2), „sannað, að brot stefnda í þessu máli er framið gegn beri vitund“ (bls. 2), „hann hafði hæstaréttardóminn í höndum“ (bls. 2), „bristi manndóm til að biðja afsökunar á niðskrifum Frjálsrar þjóðar“ (bls. 2), að stefnanda verði dæmt að sæta fyrir hin tilvitnuðu ummæli þyngstu refsingu, sem lög leyfa og greiði mér miskabætur fyrir þau að mati dómsins, að stefnandi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir ósæmilega tilvitnunaraðferð, sem ég hef sannað á hann á dskj. 9 og honum dæmt að greiða mér bætur að mati hins virðulega dóms fyrir að hafa að yfirlögðu ráði hallað réttu máli í þeim tilgangi að baka mér tjón, að stefnandi verði víttur og sektaður fyrir að

hafa margsinnis í stefnu sem greinargerð viðhaft tilefnislaus gífuryrði, ólögmannslegan munnsöfnuð og vísvitandi ósannindi, að mér verði hvernig sem málið fer tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.“

Með úrskurði, sem upp var kveðinn 22. desember s.l., var aðalkröfu stefnanda um frávísun málsins hafnað. Liggur því fyrir að taka afstöðu til varakröfu hans.

Málavextir eru þeir, að hinn 7. september 1963 birtist í blaðinu Frjálsri þjóð grein, sem nefndist „*Stafar almenningi hætta af lögfræðingum?*“ Greinarhöfundur var nefndur *Otur*. Í grein þessari er rætt um spillingu meðal lögfræðinga. Í framhaldi af því er sérstaklega vikið að viðskiptum stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., og tveggja skjólstæðinga hans, Ágústssigurðssonar og frú Karólínu Guðlaugsdóttur. Vegna greinar þessarar höfðaði stefnandi meiðyrðamál gegn stefnda, sem um þessar mundir var ábyrgðarmaður blaðsins Frjálsrar þjóðar (bæjarþingsmál nr. 1950/1963).

Stefndi flutti mál sitt sjálfur og lagði fram greinargerð 29. október 1963. Greinargerðin var síðan prentuð í Frjálsri þjóð. Birtist hún í blaðinu í tvennu lagi, fyrri hlutinn 2. nóvember 1963, en síðari hlutinn 15. nóvember. Við greinargerðina var bætt aðalfyrirsögn („Leikmaður gegn lögmanni“) og ýmsum millifyrirsögnum. Mál það, sem hér er til dóms, hefur stefnandi höfðað vegna ummæla í greinargerðinni. Bæði í stefnu og greinargerð átelur hann viss ummæli um viðskipti þeirra frú Karólínu Guðlaugsdóttur, sem birtust í blaðinu 2. nóvember, en hann hefur hins vegar ekki gert kröfur þeirra vegna, eins og ráða má af því, sem áður segir um kröfugerðina. Verða þessi ummæli því ekki tekin hér upp. Þau ummæli, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963 og stefnandi hefur átalíð, eru um það, sem sagt hafði verið í blaðinu 7. september um viðskipti þeirra stefnanda og Ágústssigurðssonar. Málsgrein sú, sem hin átöldu ummæli eru í, verður tekin hér upp í heild. Hún er leturbreytingalaus í blaðinu, en ummælin, sem eru tilefni krafna stefnanda, eru hér auðkennd með breyttu letri:

„*Hér sýnist allt ljóst. Ágúst heyr skaðabótamál, vinnur það að fullu, fær tildæmdar samtals 61 þúsund krónur, en greiðir „vegna málarekstursins“ 64 þúsund krónur, tapar þannig 3000 krónum auk hins tildæmda fjár á því að fara í mál, þó að hann vinni málið að fullu. Er nokkur furða, þótt leikmanni blöskri þvílíkar málalýktir og verði hugsað: hvar er íslenskt réttarfar*

á vegi statt, ef sá, sem telur sig hafa orðið fyrir skaða af annarra völdum, getur ekki leitað réttar síns án ótta um að hljóta af mála-*rekstrinum* nýjan skaða ofan á hinn fyrri, þótt hann vinni skaðabótamálið fyrir æðsta dómstóli þjóðarinnar? Mundi ekki hver sá blaðamaður, sem þegði um annað eins og þetta hljóta hvers manns ámæli fyrir ábyrgðarleysi og heigulshátt? Þannig hlaut höfundur átalinnar blaðagreinar að hugsa, þótt ekkert hefði komið til annað en hinn ýkjamikli kostnaður Ágústs vegna mála-*rekstursins*. En hér við bætist, að hin slæma útreið, sem Ágúst hlaut í skaðabótamálinu, virðist eiga sinn þátt í því, að hann sér sig tilneyddan að taka lán með ofurkjörum til lagfæringar á íbúð sinni. Hér verður því af málavöxtum, eins og þeir horfðu við í kærinni, ekki annað ráðið en verið væri að fremja á fátækum manni herfilegt ranglæti, sem hver ærlegur blaðamaður hlaut að átelja harðlega.“

Þessi orð í greinargerð stefnda í hinu fyrra máli eru höfð vegna ummæla í Frjálsri þjóð 7. september um stefnanda. Er viðskiptum hans og Ágústs Sigurðssonar þar m. a. lýst þannig:

„Hvernig má það ske, að lögræðingur sá, sem rekur skaðabótamálið fyrir Ágúst og vinnur það að fullu, skuli taka auk tildæmds málskostnaðar (sem honum ætti að nægja), allar bæturnar og meira til, þannig að Ágúst tapi fjárhagslega á að vinna málið. Hér hlýtur að vera um að ræða fjártöku, sem enga stoð á í lögum.“

Meiðyrðamálið vegna greinarinnar, sem birtist 7. september, var dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 23. desember 1964. Í dómnum segir, að ummælin í Frjálsri þjóð um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar séu ekki rétt og að hlutur stefnanda sé gerður verri en rétt er.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þannig, að líklegt er, að hann hafi viljað gera dómkröfur vegna ummæla í greinargerð stefnda, sem birtust í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963. Sem fyrr segir, kemur þetta þó ekki fram í kröfugerð hans, og verða þessi atriði því ekki rakin nánar.

Stefnandi telur ummæli, sem birtust í Frjálsri þjóð 15. nóvember 1963 og hann byggir kröfur sínar á, ósönn og borin út opinberlega gegn betri vitund. Varði þetta við 236. gr. almennra hegningarlaga, eða a. m. k. við 234.—235. gr. laganna. Þá telur hann að ómerkja beri ummælin skv. 241. gr. laganna. Fébótakröfu sína byggir stefnandi á 264. gr. sömu laga. Kröfu sína um birtingu dómsins styður hann við 22. gr. laga um prentrétt nr.

57/1956 og 193. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að í greinargerð þeirri, sem hann lagði fram 29. október 1963 í máli nr. 1950/1963 og birt var í Frjálsri þjóð, hafi ekki verið endurtekin ummæli þau um viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar, sem birtust í Frjálsri þjóð 7. september 1963. Þvert á móti hafi stefndi ekki viljað taka afstöðu til þess að sinni, hvort heimildir höfundar þeirrar greinar væru að öllu réttar, en bent á nauðsyn þess að kanna málið. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi tekið þau ummæli, er hann byggir kröfur sínar á, úr réttu samhengi. Í greinargerðinni í máli nr. 1950/1963 sé gætt fyllstu hófsemi og á engan hátt brotið gegn lögum með birtingu hennar í blaði. Hins vegar sé með málsókn þessari „verið að freista þess að fá íslenzkan dómstól til að fremja það óhæfuverk að refsa sakborningi fyrir, að hann skuli dirfast að verja sig.“

Þau ummæli stefnanda, sem stefndi krefst, að verði dæmd dauð og ómerk, telur stefndi röng. Í stefnu og greinargerð stefnanda telur hann felast refsiverðar aðdróttanir í sinn garð, sem baki stefnanda bótaskyldu.

Niðurstaða:

Eins og áður segir, koma ummæli þau, sem stefndi hefur í greinargerð sinni í bæjarþingsmáli nr. 1950/1963 og birtust í Frjálsri þjóð 2. nóvember 1963, ekki til athugunar, þar sem þeirra er ekki getið í kröfugerð stefnanda.

Þau ummæli, sem stefnandi byggir dómkröfur sínar á, varða viðskipti stefnanda og Ágústs Sigurðssonar. Ummælin eru hluti af lengra máli um það, sem sagt var hér að lútandi í grein í Frjálsri þjóð 7. september 1963.

Þegar ummælin eru skoðuð í ljósi þessa, verður ekki talið, að í þeim felist slík móðgun eða ásökun í garð stefnanda, að kröfur hans verði teknar til greina.

Kröfur stefnda um ómerkingu, refsingu, fébætur og vítur voru, sem fyrr segir, gerðar, þegar málið var flutt munnlega 2. október 1964. Stefnandi er harðorður í stefnu og greinargerð, en mjög skortir einnig á, að stefndi hafi gætt hófs í orðum sínum í greinargerð og athugasemd, sem hann lagði fram skriflega um leið og greinargerðina og þá er málið var munnlega flutt. Með hliðsjón af meginreglunni í 239. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 þykir ekki eiga að koma til viðurlaga

vegna ummæla, sem aðiljar hafa haft hvor um annan, meðan málið hefur verið rekið.

Þegar af þessari ástæðu verður stefnanda dæmd sýkna af gagnkröfum stefnda, og þykir ekki vera ástæða til að greina hér nánar ummæli aðilja.

Gagnkröfur stefnda voru, sem fyrr segir, gerðar, án þess að stefndi leitaði leiðbeininga dómara. Gagnkröfurnar verða að teljast dómtækar. Hafði stefndi í greinargerð sinni gerrt nánari grein fyrir fébótakröfum sínum.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Þór Vilhjálmsson borgardómari kvað upp dóm þennan. Uppsaga dómsins hefur dregizt, þar sem úrskurður um frávísunarkröfu stefnda varð vegna anna ekki upp kveðinn fyrr en 22. desember. Þótti síðan rétt að bíða þess, að kærufrestur liði.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Bragi Sigurðsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Thorlacius, í máli þessu.

Stefnandi skal vera sýkn af gagnkröfum stefnda.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1966.

Nr. 236/1966. Jón Karlsson

gegn

Júlíusi Helgasyni

Sigurði Jónssyni

Zophóníasi Ásgeirssyni og

Sigurgeir Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. október 1966, sem Hæstarétti barst 7. nóvember